

Fundargerð háskólaráðs 3. apríl 2017

Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir fulltrúi starfsmanna (vm), Einar Svansson fulltrúi kennara, Auður H. Ingólfssdóttir fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Andri Már Ágústsson fulltrúi grunnnema (Skype), Haraldur Líndal Haraldsson fulltrúi grunnnema, Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema og Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnnema.

Fjarverandi: Svandís Elísa Margrét Leósdóttir fulltrúi háskólagáttar.

Áheyrnarfulltrúar: Ingólfur Arnarsson áheyrnafulltrúi íbúaráðs (vm).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Fjármál

Rektor kynnir rekstrartölur fyrir fyrstu tvo mánuði ársins m.v. áætlun.

3. Eignasala

Rektor gerir grein fyrir stöðu mála vegna eignasölu félaga sem skólinn á hlut í, fer yfir skýrslu sem Capacent hefur unnið vegna þessa og þar kemur fram tillaga um söluna og skiptingu söluverðsins. Skýrslan er í lokadrögum. Líkur eru á að söluferlið fari í gang á næstu dögum og birt verði auglýsing um eignasölu fyrir páska. Tillagan hefur verið samþykkt hjá íbúðalánasjóði og sömuleiðis í stjórn skólans.

4. Markaðsáætlun vegna haustannar

Rektor kynnir markaðs- og birtingaráætlun fyrir haustið sem liggur fyrir. Nýtt slagorð sem verður notað; *fyrir þá sem ætla lengra*. Aukin áhersla á samfélagsmiðla, birtingaráætlun liggur fyrir. Auglýsingabirtingar hefjast um næstu helgi.

5. Staða umsókna/innritana haust 2017

Rektor kynnir að nú eru 19 umsóknir komnar í grunnnámið, 14 umsóknir í meistaranám og 13 umsóknir í háskólagáttina. Nú eru 47 umsóknir í kerfinu, en í fyrra voru þær rúmlega 50 á þessum tíma.

6. Undirbúningur aðalfundar 9. maí nk. – tilnefning í fulltrúaráð

Rektor kynnir að það þurfi að velja varamann í fulltrúaráð skólans f. hönd háskólaráðs með umboð á aðalfundi.

Andri Már Ágústsson gefur kost á sér og er samþykktur sem varamaður fyrir fulltrúa háskólaráðs á aðalfundinum.

Aðalfundurinn verður 9. maí nk. kl. 14.00 á Bifröst.

7. Gæðamál

Rektor kynnir að verið er að vinna árlega skýrslu um gæðamál í skólanum, sem verður skilað til gæðaráðs íslenskra háskóla. Fjallar um það helsta sem hefur gerst í skólanum á þessum vettvangi síðan að skólinn var tekinn út. Gæðaráð mun koma hingað í lok maí þar sem farið verður yfir skýrsluna.

Breyting á úttektarferlinu er þannig að hringurinn er nú 7 ár. Mikilvægt að gæðastarfið sé unnið jafnt og þétt innan skólans.

8. Sameining deilda (lagadeild og félagsvísindadeild)

Rektor kynnir að fram er komin tillaga frá lagadeildinni um að hún sameinist félagsvísindadeild. Ástæðan er m.a. að það eru fáir fastir akademískir starfsmenn í deildunum og myndi styrkja starfið að kennarahópurinn verði stærri. Ekki er búist við að þetta myndi leiða til sparnaðar í rekstri. Námslínur verði óbreyttar, en til lengri tíma gætu hugsanlega orðið einhverjar breytingar. Málið er til umfjöllunar innan skólans, en ákvörðun hefur ekki verið tekin. Gæti tekið gildi frá næsta skólaári ef af verður. Eftir er að ræða tillöguna á deildarfundum í lagadeild og félagsvísindadeild.

9. Skipulagning vinnuhelgar meistaranema

Rektor kynnir að skipulag vinnuhelganna hafi verið gagnrýnt, m.a. vegna árekstra í tímum.

Umræður um vinnuhelgar, gagnsemi þeirra og skipulagningu. Fram hefur komið gagnrýni um móttöku nemenda á síðustu vinnuhelgi meistaranema í mars.

10. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.40

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu